

Ágúst 2023



Efnahagsleg áhrif hvalveiða



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Efnahagsleg áhrif hvalveiða

Útgefandi:

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26, 4. hæð – 105 Reykjavík
545 9700 – mar@mar.is

Umbrot og textavinnsla:

Matvælaráðuneytið

Ágúst 2023

©2023 Matvælaráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Bein áhrif hvalveiða á íslenskan þjóðarbúskap	5
Hvalveiðar og útflutningstekjur frá seinni heimstyrjöld til banns	6
Afkoma í hvalveiðum og vinnslu	9
Hvalmjöl og lýsi	10
Aðrar afurðir	11
Atvinna og laun tengd hvalveiðum	11
Markaðir fyrir hvalkjöt og hvalaafurðir	12
Alþjóðasamningar og efnahagsþvinganir	12
Markaður fyrir hvalaafurðir	12
Flutningur með hvalaafurðir	13
Áhrif hvalveiða á ferðaþjónustu og aðra útflutningshagsmuni	14
Áhrif hvalveiða á ferðaþjónustu	14
Samantekt helstu niðurstaðna	17
Heimildir	18

Myndaskrá

Mynd 1. Hlutfall hvalaafurða af vöruútflutningi og hlutfall íslenskra aðila.	5
Mynd 2. Veiddir hvalir við Ísland 1948-1988.	7
Mynd 3. veiðar á langreyði og hrefnu 2003-2022.	7
Mynd 4. Verðmæti útfluttra hvalaafurða 2008-2018 (m.kr.).	8
Mynd 5. Hlutfall útflutningsverðmætis hvalaafurða af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða.	9
Mynd 6. Hagnaður Hvals hf. vegna hvalveiða (kr.).	10
Mynd 7. Veiddir hvalir og fjöldi ferðamanna.	14

Inngangur



Í byrjun árs 2023 leitaði matvælaráðuneytið til Intellectum um að skrifa skýrslu til að meta efnahagsleg áhrif hvalveiða á Íslandi.

Hér er einungis litið til efnahagslegra áhrifa, en litið fram hjá öðrum áhrifum, s.s. líffræðilegum þáttum, byggðasjónarmiðum eða stjórnmálalegum atriðum. Hér er einblínt á bein áhrif á íslenskt efnahagslíf auk þess sem sjónum er beint að mörkuðum fyrir hvalkjöt og hvalaafurðir og mögulegra áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmöguleika Íslands. Ekki er litið til áhrifa hvala í vistkerfinu.

Fyrri rannsóknir hafa flestar haft annað sjónarhorn en birtist í þessari skýrslu. Má hér nefna skýrslu Geirs Oddssonar um efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar, þar sem metið var efnahagslegt umfang af þeirri starfsemi, þ.e. mat á afleiddum tekjum, beinum og óbeinum. Ekki var litið til kostnaðar eða hagnaðar. Sú rannsókn byggði m.a. á niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal ferðamanna sem framkvæmd var árið 2002¹ og greinargerð um fjölda ferðamanna sem fóru í hvalaskoðun.²

Hagfræðistofnun (2010) mat efnahagsleg áhrif hvalveiða en þar var sjónarhornið mun víðara en hér. Þar var ekki einungis litið á efnahagslegt vægi hvalveiða, s.s. í landsframleiðslu, á vinnumarkaði og útflutningi heldur einnig litið til margfeldisáhrifa og áhrifa hvala á aðra nytjastofna. Þá var slegið tölfræðilegu mati á áhrifa hvalveiða á fjölda ferðamanna og litið til afkomu í rekstri hvalaskoðunarfyrirtækja.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar (2019) voru einnig skoðuð þjóðhagsleg áhrif hvalveiða. Hún var að stórum hluta uppfærsla á fyrrnefndri skýrslu stofnunarinnar frá árinu 2010 en að auki var stuðst við úttekt Hafrannsóknastofnunar á fæðuþörf hvala og hlut þeirra í lífríki sjávar, þ.m.t. á fiskistofna.

Í þeirri skýrslu sem hér birtist er byggt á opinberum gögnum auk þess sem upplýsinga var aflað hjá ýmsum aðilum sem þekkja til hvalveiða og markaðsmála. Má þar sérstaklega nefna Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu, Kristján Loftsson, framkvæmdastjóra Hvals hf. og Sigurstein Másson hjá Hvalaskoðunarsamtökum Íslands. Eru þeim og öðrum veittar þakkir fyrir gagnlegar upplýsingar.

¹ Hjördís Sigurgeirsdóttir (2003).


² Rögnvaldur Guðmundsson (2003).

Bein áhrif hvalveiða á íslenskan þjóðarbúskap



Leiða má að því líkum að hvalveiðar hafi verið stundaðar frá landnámi, en óvíst er hve miklar þær voru að umfangi. Hvalreki var mikilvæg búbót gegnum aldirnar. Fjallað er sérstaklega um hvalreka innan netlaga í hinni fornu lögbók Grágás og í þriðja kafla Jónsbókar er sérstaklega fjallað um hvernig háttað er eignar- og nýtingarrétti varðandi slíkan reka.

Hvalveiðar Íslendinga hafa trúlega verið litlar framan af öldum en Baskar veiddu hvali hér við land á 16. og 17. öld. Það var síðan á seinni hluta 19. aldar sem hvalveiðar urðu umfangsmiklar hér við land. Norðmenn urðu umsvifamiklir í hvalveiðum og vinnslu við Ísland og settu upp hvalstöðvar árið 1883 á Seyðisfirði, Hafnarfirði og Djúpavogi.³ Talið er að veiðin hafi náð hámarki árið 1902 þegar 2.605 hvalir voru dregnir á land. Verulega dró úr veiðunum uppfrá því og var ofveiði um kennt. Árið 1915 bannaði Alþingi hvalveiðar við Íslands til að vernda hvalastofnana. Bannið var í gildi allt til ársins 1935.⁴ Á sama tíma hafði dregið mjög úr hvalveiðum Norðmanna hér við land en hvalveiðar Íslendinga byrjuðu aftur við lok seinni heimsstyrjaldar.



Mynd 1. Hlutfall hvalaafurða af vöruútflutningi og hlutfall íslenskra aðila.

³ Guðrún K. Gunnarsdóttir (2005).

⁴ Um þessa sögu má fræðast hjá Tryggva Einarssyni (1987) og Smára Geirssyni (2015).



Eins og sjá má af mynd 1 var hlutur hvalveiða í útflutningi mun meiri á þar síðustu öld og í byrjun 19. aldar en seinna varð, eða allt að fjórðungur þegar mest var. Á sama tíma var hlutur Íslendinga ekki svo mikill, enda voru hvalveiðar nær einungis stundaðar af Norðmönnum þar til hvalveiðibannið tók gildi árið 1915.

Samkvæmt mati Hagstofunnar hefur fjöldi rekstraraðila í hvalveiðum aldrei verið meiri en níu, en það var á árunum 1902 og 1903. Fjöldi hvalveiðiskipa náði hins vegar hámarki árið 1910 þegar talið er að 32 skip hafi stundað hvalveiðar á sama tíma og rekstraraðilar voru sex talsins.⁵

Hvalveiðar og útflutningstekjur frá seinni heimstyrjöld til banns


Íslendingar hófu aftur hvalveiðar, þótt í mismiklum mæli væri, þegar banninu var aflétt í lok seinni heimstyrjaldar og héldu þeim áfram allt til ársins 1986 en það ár bannaði Alþjóðahvalveiðiráðið allar hvalveiðar í atvinnuskyni. Íslendingar héldu þó áfram vísinda veiðum á árunum 1986-1989 en engir hvalir voru veiddir við Ísland á árunum 1990 til 2002. Hlutfall hvalaafurða af heildarvöruútflutningi varð þó aldrei aftur í líkingu við þar sem var þegar mest lét í kringum aldamótin 1900, líkt og sjá má af mynd 1.

Árið 2003 ákváðu Íslendingar að hefja aftur veiðar og var Alþjóðahvalveiðiráðinu tilkynnt að alls yrðu veiddar um 200 langreyðar, 200 hrefnur og 100 sandreyðar það árið. Allt til ársins 2007 voru þó einungis veiddar hrefnur í vísindaskyni. Veiðar á langreyðum hófust árið 2009 en það ár voru veidd 125 dýr. Árið eftir voru veiddar 148 langreyðar en hlé varð á veiðunum árin 2011 og 2012. Árið 2013 voru veidd 134 dýr, 137 árið eftir og 155 árið 2015. Árið 2018 voru veiddar 145 langreyðar.⁶

Á meðfylgjandi mynd má sjá nánar veiðar ólíkra hvalategunda frá árinu 1948 – 1989.

⁵ Hagstofa Íslands – Sögulegt yfirlit hagtalna.


⁶ Hagstofa Íslands.



Mynd 2. Veiddir hvalir við Ísland 1948-1988.

Árið 2006 veiddust sjö langreyðar en veiðar á þeirri tegund byrjuðu ekki að neinu marki fyrr en árin 2009 og 2010. Veiðarnar lágu síðan niðri en hófust aftur árin 2013 til 2015. Alls voru 145 langreyðar veiddar árið 2018 og síðan ekki aftur fyrr en árið 2022 þegar 148 langreyðar voru veiddar.

Nánar má sjá þessa þróun á meðfylgjandi mynd.




Mynd 3. Veiðar á langreyði og hrefnu 2003-2022.



Veiðar á hrefnu hafa sveiflast á milli þess að vera mest 81 dýr árið 2009 en minnst 24 dýr árið 2014. Hvalveiðar lágu niðri árin 2019 til 2021 en það ár var reyndar veidd ein hrefna. Þá voru veiddar 148 langreyðar árið 2022.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru útflutningstekjur hvalaafurða síðustu ára eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 4. Verðmæti útfluttra hvalaafurða 2008-2018 (m.kr.).

Samkvæmt útflutningstölum Hagstofunnar var útflutningsverðmæti hvalaafurða milli 1,6 - 1,8 milljarðar króna þegar mest var á árunum 2014 – 2016.

Hlutfall verðmætis seldra hvalaafurða af heildarverðmæti sjávarafurða hefur rúman síðasta áratuginn legið á milli 0,11-0,79% á ári, þegar selt er, eins og sjá má af myndinni hér að neðan.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 5. Hlutfall útflutningsverðmætis hvalaafurða af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða.


Skiljanlega ræðst hlutfall þetta af því hvaða möguleikar eru til sölu og veiða hvala á viðkomandi tímabili.

Afkoma í hvalveiðum og vinnslu

Í raun hefur aðeins eitt fyrirtæki hefur stundað stórhvalaveiðar í atvinnuskyni á síðustu árum en það er Hvalur hf.

Samkvæmt ársreikningum Hvals hf. síðustu árin má ætla að frá árinu 2011 hafi heildarútflutningsverðmæti hvalaafurða verið tæpir 9,8 milljarðar króna. Ef dregin eru frá árin þar sem ekkert var veitt þá var meðaltalsútflutningsverðmæti hvalaafurða ríflega milljarður króna á ári.

En útflutningsverðmæti segja lítið ein og sér um verðmætasköpun vegna hvalveiða. Á meðfylgjandi mynd má sjá metinn hagnað (tap) Hvals hf. af hvalveiðum frá árinu 2011, þar sem hagnaðurinn er reiknaður út frá verðmæti seldra hvalaafurða að frádregnum kostnaði við rekstur hvalveiðiskipa, afskrifta og birgðabreytinga.



Heimild: Gæðaendurskoðun og eigin útreikningar.⁷

Mynd 6. Hagnaður Hvals hf. vegna hvalveiða (kr.).

Samkvæmt þessum tölum hefur oftast verið tap af hvalveiðum þegar þær hafa verið stundaðar. Samanlagt tap árána 2011 til 2019 nemur um þremur milljörðum króna. Nokkrar sveiflur hafa verið í afkomunni yfir árin, eins og sjá má af myndinni. Hér ber þó að hafa í huga að þau ár sem tapið var sem mest stundaði fyrirtækið ekki hvalveiðar. Því er varhugavert að draga þá ályktun að rekstrarniðurstaða fyrirtækisins væri jafn neikvæð og þessar tölur gefa til kynna hefði fyrirtækið stundað veiðar og sölu hvalaafurða allt þetta tímabil.

Hvalmjöl og lýsi

Hvalmjöl og hvallýsi hefur verið unnið og í fyrra var heildarmagn hvalmjöls um 375 tonn en hvallýsi 476 tonn. Erfiðlega hefur gengið að fá leyfi til að selja hvalmjölið t.d. í fóður fyrir svín þar sem það hefur ekki uppfyllt skilyrði til slíkrar notkunar.

Hvallýsið hefur verið notað til að brenna á skipum Hvals hf. Sala á því til annarrar nýtingar hefur reynst ómöguleg, m.a. vegna viðskiptahindrana með hvalaafurðir sem fjallað verður um síðar.

⁷ Þessir útreikningar byggja á skjali sem finna má á <https://www.visir.is/g/20232414286d/hvalur-tapadi-thremur-milljordum-a-hval-veidum-a-ara-tug> og framreiknað eitt á lengur út frá tölum í ársreikningi.



Aðrar afurðir

Hvalur hf. hefur um nokkurra ára skeið verið að þróa vinnslu annarra afurða úr hvölum en einungis kjöt, spik, lýsi og mjöl. Lengst er komið verkefni er snýr að vinnslu fæðubótar-efna til að vinna gegn járnskorti hjá fólki. Járnskortur er mikið heilbrigðisvandamál á heimsvísu.⁸ Talið er að ekki færri en 2 milljarðar manna þjáist af járnskorti og þá helst í fátækari löndum heims.⁹ Sjávarspendýr hafa umtalsvert hærri járnstyrk í vöðvum sínum, en dýr á landi enda þurfa þau þess til að geta kafað um lengri tíma.¹⁰ Markaður fyrir fæðu-bótarefni og aðrar lækningaraðferðir sem tengjast járnskorti er stór, mælist í milljörðum dollara og fer vaxandi.¹¹ Hvaða tækifæri eru í að markaðssetja fæðubótarefni unnin úr hvalaafurðum á eftir að koma í ljós en eins og málum er háttað nú væru Noregur og Japan mögulegir markaðir fyrir slíkar afurðir.

Einnig er verið að skoða möguleika á því að vinna gelatín úr hvalbeinum.

Atvinna og laun tengd hvalveiðum

Samkvæmt forsvarsmönnum verkalýðsfélags Akraness hafa um 120 manns starfað við vinnslu á hvalaafurðum á síðustu vertíð og skv. sömu heimild eru meðallaun starfsmanna við veiðar og vinnslu hvals milli 1,7 - 2 milljónir króna á mánuði sem er langt fyrir ofan meðallaun í landinu.¹² Í þeim samanburði verður að líta til þess að um tímabundna vertíð er að ræða sem og vaktavinnu. Ef gert er ráð fyrir að sérhver starfsmaður vinni við hvalveiðar og vinnslu í fjóra mánuði á ári, gerir það um 480 mannmánuði. Ef gefnar eru forsendur um að meðallaun sem þessum starfsmönnum bjóðist annars staðar á sama tíma séu um 745 þúsund krónur á mánuði¹³ þá má reikna með að hver og einn starfs- maður verði af á bilinu 2 – 3,8 milljónum króna vegna lægri tekna en ella þá mánuði sem vertíðin stendur yfir. Munur á launasummu þessa hóps þegar unnið er við hvalveiðar og vinnslu miðað við að unnin séu önnur störf, að gefnum sömu forsendum liggja á bilinu 240 - 456 milljónir króna. Þetta endurspeglar þá staðreynd að þrátt fyrir að hvalveiðar og vinnsla sé ekki þjóðhagslega mikilvæg atvinnugrein sem stendur þá skiptir hún miklu efnahagslegu máli fyrir þá sem starfa í greininni.

⁸ Byggt á upplýsingum frá Hval hf.

⁹ Pasricha og fél. (2013), Pasricha og fél (2020).

¹⁰ Arregui og fél. (2022).

¹¹ <https://www.mordorintelligence.com/industry-reports/iron-deficiency-anemia-therapy-market>

¹² <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-20-segir-akvordun-svandisar-gjorsamlega-glorulausa-385923>

¹³ Samkvæmt Hagstofu Íslands voru regluleg meðallaun í fullu starfi að meðaltali um 745 þúsund krónur á mánuði árið 2022. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/laun-2022/>

Markaðir fyrir hvalkjöt og hvalaafurðir



Markaðssetning og sala hvalaafurða er ýmsum vanda undirorpin vegna alþjóðasamninga og andstöðu við hvalveiðar víða um heim.

Alþjóðasamningar og efnahagsþvinganir

Alþjóðasamningur um verslun með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu (CITES) bannar viðskipti með hvalaafurðir milli flestra þjóða heims. Í viðauka með samningnum er listi yfir tegundir í útrýmingarhættu og eru þar tilgreindar allar þær hvalategundir sem veiddar hafa verið frá Íslandi. Þau lönd sem gert hafa fyrirvara við framangreindan lista eru ekki bundnar af viðaukanum hvað þær tilteknu tegundir varðar. Af þeim 183 löndum sem leitt hafa samninginn í lög hafa Ísland, Noregur, og Japan gert fyrirvara við viðaukann m.a. hvað varðar þær hvalategundir sem nú eru veiddar frá Íslandi, þ.e. langreyðar og hrefnur.¹⁴ Af þessum sökum má einungis flytja afurðir þessara dýra frá Íslandi til Noregs og Japans.¹⁵

Markaður fyrir hvalaafurðir

Eftir að veiðar á hrefnu lögðust af er einungis um að ræða útflutning á afurðum af langreyðum. Langreyðarkjöt er einungis selt til Japan. Neysla á hvalkjöti hefur farið ört minnkandi í Japan eða úr 233 þúsund tonnum árið 1962 í rétt um 1-2 þúsund tonn á árunum 2021 og 2022.¹⁶

Kyodo Senpaku er stærsti söluaðili hvalkjöts í Japan. Sala á hvalkjöti hefur gengið treglega þar í landi og nýverið setti Kyodo Senpaku upp sjálfsala í Yokohama þar sem hægt er að kaupa hvalkjöt til að auka aðgengi að vörinni og snúa við þróun þeirri sem átt hefur sér stað til minni neyslu á hvalkjöti auk þess sem stórmarkaðir hafa ekki lengur hvalkjöt á boðstólnum. Áætlanir fyrirtækisins ganga út að að setja upp 100 slíka sjálfsala út um allt land á næstu fimm árum. Samkvæmt Hideki Tokoro, forstjóra Kyodo Senpaku er ástæða þess að stórmarkaðir bjóða ekki lengur uppá hvalkjöt til sölu hræðsla við samtök sem berjast gegn hvalveiðum.¹⁷ Kyodo Senpaku hefur einnig tilkynnt að það sé með nýtt móðurskip í byggingu til hvalveiða og hefur hlotið til þess niðurgreiðslur frá Shimonoseki uppá 300 milljón jen, en sú borg er talin upphafsstaður nútíma hvalveiða í Japan.

Hvalveiðar í Japan hafa verið niðurgreiddar af fiskistofu landsins (e. Fisheries Agency). Niðurgreiðslur til greinarinnar þar í landi eru umtalsverðar og árið 2021 er talið að

¹⁴ Sjá: Auglýsing um samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) ásamt breytingum, Nr. 1 birt í Stjórnartíðindum C-deild, 21. janúar 2000 og Auglýsing um breytingar á I. og II. viðauka við samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), Nr. 5 birt í Stjórnartíðindum C-deild 17. febrúar 2003.

¹⁵ Lýðveldið Palá og Saint Vincent og Grenadines hafa einnig gert athugasemdir við viðaukann hvað varðar sumar hvalategundir. Sjá: <https://cites.org/sites/default/files/eng/app/2023/E-Reserv-2023-02-23-validuntil.pdf>

¹⁶ <https://www.theguardian.com/world/2023/jan/24/campaigners-criticise-japan-firm-selling-whale-meat-from-vending-machines> og <https://japannews.yomiuri.co.jp/society/general-news/20220701-41832/>

¹⁷ <https://nypost.com/2023/01/28/kyodo-senpaku-co-unveils-whale-meat-vending-in-japan/>



heildsöluverðmæti hvalkjöts í Japan hafi numið 2,8 milljörðum jena á sama tíma og niðurgreiðslur til greinarinnar hafi numið 5,1 milljörðum jena.¹⁸ Fiskistofa Japans hefur veitt lán til innflutnings á hvalkjöti frá Íslandi en óljóst er hvort slíkt lán standi innflytjendum til boða nú í ár.

Japanir veiða sjálfir hrefnur, Bryde's hvali og sandreyðar. Samkvæmt fiskistofu landsins eru leyfðar veiðar (að teknu tilliti til meðafla í öðrum veiðum) á 136 hrefnum, 187 Bryde's hvölum og 24 sandreyðum á árinu 2023.¹⁹ Heimildum til hrefnuveiða er úthlutað til minni strandveiðibáta meðan veiðar á sandreyði og Bryde's hval er úthlutað til stærri verksmiðjuskipa.

Flutningur með hvalaafurðir

Flutningur hvalaafurða á erlenda markaði hefur reynst erfiður á síðustu árum, ekki síst vegna þrýstings samtaka andstæðinga hvalveiða á stjórnvöld í ýmsum löndum í þá átt að banna skipum sem flytja afurðirnar að koma til hafna sem og tregðu stjórnvalda sjálfra til að leyfa slíkum skipum að koma til hafnar.²⁰ Samkvæmt fréttum hefur verið gripið til þess ráðs að flytja hvalaafurðir frá Íslandi til markaðar í Japan norðausturleiðina, þ.e. norður fyrir Rússland og Síberíu.²¹ Sú leið er ekki auðveld siglingaleið til flutninga vegna veðurskilyrða og íss mestallan hluta ársins. Þótt skipaumferð um þessa leið hafi farið vaxandi á síðustu árum þá krefst hún alla jafna samstarfs við rússneska ísbrjóta. Innrás Rússa í Úkraínu hefur leitt til þess að mun minni skipaumferð er um þessa leið hefur minnkað verulega, einkum vegna stjórnmalalegra ástæðna og versnandi samskipta við Rússland.²²

Þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur tekist að flytja íslenskar hvalafurðir á markað í Japan með því að sigla fyrir Góðravnarhöfða. Ekki hefur þótt tryggt að sigla gegnum Súezskurð sökum andstöðu við slíkan flutning á þeirri leið.

¹⁸ <https://japannews.yomiuri.co.jp/society/general-news/20220701-41832/> og <https://www.dw.com/en/is-japans-whaling-industry-going-under-as-demand-sinks/a-62626007#:~:text=For%20decades%2C%20the%20Japanese%20government,left%20the%20IWC%20in%202019>

¹⁹ www.jfa.maff.go.jp/e/whale/attach/pdf/index-19.pdf

²⁰ https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/07/11/synist_ad_thessu_se_sjalfhaett/ og http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/06/27/islenskt_hvalkjot_ovelkomid/ og <https://www.visir.is/g/2014140429605/flutningar-med-hvalkjot-ekkert-gefud-upp-um-hvort-gripid-verdi-til-adgerda>

²¹ <https://awionline.org/press-releases/iceland-shipment-japan-could-contain-meat-rare-hybrid-whales>

²² <https://www.cello-square.com/eu-en/blog/view-745.do>


Áhrif hvalveiða á ferðapjónustu og aðra útflutningshagsmuni



Nokkuð hefur verið fjallað um möguleg áhrif hvalveiða á orðspor Íslands og aðrar útflutningsgreinar. Mjög erfitt er að meta hvaða áhrif orðspor Íslands hefur almennt á útflutning landsins. Samtök sem berjast gegn hvalveiðum hafa beitt þrýstingi á neytendur að sniðganga íslenskar vörur erlendis. Árið 1988 hvöttu alþjóðlegu umhverfissamtökin Greenpeace neytendur til að sniðganga íslenskan fisk og var þeirri herferð einkum beitt gegn neytendum í Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi og í Bretlandi.

Áhrif hvalveiða á ferðapjónustu

Þrátt fyrir almenna andstöðu fólks við hvalveiðar í helstu viðskiptalöndum Íslands er ekki hægt að fullyrða að sú andstaða skili sér í skaðlega minni eftirspurn eftir ferðum til Íslands. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig fjöldi farþega (mælt í brottförum frá Keflavíkurflugvelli) hefur vaxið jafnt og þétt óháð umfangi hvalveiða.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7. Veiddir hvalir og fjöldi ferðamanna.

Hvað varðar beinni áhrif, s.s. á hagnað fyrirtækja sem bjóða upp á hvalaskoðunarferðir, þá verður tæpast séð að hvalveiðar síðustu ára hafi haft mikil áhrif á rekstur þeirra,

sérstaklega eftir að hrefnuveiðar voru bannaðar á þeim slóðum þar sem fyrirtækin starfa s.s. í Faxaflóa. Veiðar á langreyðum eru utan þess svæðis sem hvalaskoðunar-fyrirtækin starfa á.

Erfitt er að draga ályktanir um áhrif hvalveiða á rekstur hvalaskoðunarfyrirtækja, þar sem þau bjóða mörg hver uppá fjölbreyttari þjónustu en hvalaskoðun eina og sér, s.s. fuglaskoðun og tækifæri til að berja norðurljós augum. Afkoma fyrirtækja í þessari grein er mjög mismunandi, bæði milli ára og milli fyrirtækja.

Árið 2007 birti ParX niðurstöður könnunar meðal almennings um áhrif hvalveiða í atvinnu-skyni á ímynd Íslands og íslenska ferðabjónustu. Um var að ræða spurningakönnun þar sem fólk í Þýskalandi, Svíþjóð, Bretlandi og Frakklandi auk íbúa á austurströnd Banda-ríkjanna var spurt um afstöðu þeirra til að varpa ljósi á áhrif hvalveiða Íslendinga á ímynd landsins og ferðabjónustu. Þá var einnig framkvæmd sérstök greining á markhóp íslenskrar ferðabjónustu til að kanna viðhorf þess hóps á sömu álitafni.²³ Þótt þessi könnun sé komin nokkuð til ára sinna er fátt sem bendir til að viðhorf fólks hafi breyst mjög mikið yfir tíma.

Í könnuninni var leitað svara við ýmsum spurningum er tengjast viðfangsefninu og verður hér aðeins tæpt á því helsta sem snertir umfjöllunarefnið hér, þ.e. áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á líkur þess að fólk ferðist til landsins. Samkvæmt niðurstöðum könnunar-innar var viðhorf fólk til hvalveiða alla jafna neikvætt en á sama tíma hafði viðhorf til hvalveiða mjög veika fylgni við líkur á að ferðast til Íslands í nánustu framtíð. Þegar spurt var um afstöðu fólks í markhópnum töldu um 32,9% aðspurðra að hvalveiðar í atvinnu-skyni myndu minnka nokkuð eða umtalsvert líkur á að þeir myndu sækja Ísland heim. Þá leiddi rannsóknin í ljós að meiri andstaða var við hvalveiðar hjá þeim sem alla jafna höfðu meiri menntun en minni.

Í rannsókn Hjördísar Sigursteinsdóttur (2003) var sérstaklega leitað eftir viðhorfum þeirra ferðamanna sem fóru í hvalaskoðunarferðir til hvalveiða. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar rannsóknar þá svöruðu tæp 74% þáttakenda þeirri spurningu játandi hvort þeir hefðu komið til Íslands ef hvalveiðar hefðu verið stundaðar. Hlutfallið var hærra hjá yngra fólki en eldra. Þessum niðurstöðum verður að taka með nokkrum fyrirvara, eins og höfundur bendir á, sérstaklega þar sem könnunin fór fram árið 2002, áður en ákvarðanir höfðu verið teknar um að hefja aftur hvalveiðar.

Þrátt fyrir þessar niðurstöður hefur fjöldi ferðamanna sem heimsækja Ísland vaxið hröðum skrefum á síðustu árum og þannig virðist sem hvalveiðar hafi ekki haft neikvæð áhrif á ferðamannastrauminn. Hvort hvalveiðar hafi leitt til þess að samsetning ferðamanna sé neikvæðari en annars hefði verið, s.s. með tilliti til menntunar og tekna, er erfitt að fullyrða nokkuð um.

Segja má að þrátt fyrir að almennt viðhorf fólks til hvalveiða sé neikvætt í viðskiptalöndum Íslands verði vart séð að hvalveiðar hafi haft merkjanleg áhrif á útflutning Íslendinga.

²³ Um aðferðir og frekari niðurstöður má fræðast hjá ParX (2007).

Gildir það jafnt um útflutning sjávarafurða, ferðaþjónustu eða annað.

Þeir aðilar sem rætt var við í ferðaþjónustu og útflutningi sjávarafurða staðfestu að andstaða væri við hvalveiðar Íslendinga. Þannig berast fjöldi skilaboða til innlendra aðila þar sem fólk lýsir andstöðu við hvalveiðar Íslendinga. Hluti af þeim skilaboðum eru vegna skipulagðra mótmæla. Hvort sú andstaða sem birtist í slíkum skilaboðum og niðurstöðum skoðanakannana hafi haft neikvæð áhrif á útflutning vöru og þjónustu er hins vegar erfitt að fullyrða um.

Þetta hefur ekki verið rannsakað sérstaklega hér á landi, en í norski rannsókn frá árinu 1994, var reynt að meta slík áhrif.²⁴ Byggt á gögnum frá 41 fyrirtæki í Noregi sem höfðu sent inn kvörtun til norska utanríkisráðuneytisins vegna áhrifa hvalveiða var skoðað hvort ætla mætti að þau hefðu orðið fyrir neikvæðum áhrifum í formi tapaðra viðskipta. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 14 þeirra hefðu orðið fyrir tjóni og heildarumfang þess hefði numið 6,1-9,8 milljónir norskra króna á verðlagi þess árs. Þetta tap var að mestu talið tímabundið og ekki væri ástæða til að ætla að tap yrði fyrir norska útflytjendur til lengri tíma.²⁵

Það verður ekki hjá því litið að í ljósi þess sem hér segir að ofan þá hafa hvalveiðar Íslendinga neikvæð áhrif á ímynd landsins erlendis og ganga í berhögg við þá mynd sem íslenskir aðilar, t.a.m. í ferðaþjónustu, hafa leitast við að byggja upp. Þar hefur áhersla verið lögð á sjálfbæra orkuframleiðslu og hreina, ósnortna náttúru. Flestir ferðamenn sem hingað koma gera það sökum áhuga á að upplifa íslenska náttúru.

Einnig má hafa í huga að ýmis öflug alþjóðleg umhverfisverndarsamtök hafa sett baráttu gegn hvalveiðum á oddinn í starfi sínu. Það skýrir trúlega hvers vegna fréttir af hvalveiðum Íslendinga rata af og til í fréttir stórra alþjóðlegra fréttamiðla víða um heim.²⁶

Af ofansögðu má vera ljóst að erfitt getur reynst að mæla hvort og að hve miklu leyti hvalveiðar Íslendinga hafi áhrif á aðra atvinnustarfsemi og verðmætasköpun í landinu. Mesta hættan væri ef önnur lönd tækju upp beinar viðskiptahindranir gagnvart Íslandi vegna hvalveiða okkar en sú hefur ekki verið raunin hingað til.

²⁴ Bjorndal og Toft (1994) og Bjorndal og Conrad (1998).

²⁵ Sjá Bjorndal og Conrad (1998).

²⁶ Nýleg dæmi eru Al Jazeera (<https://www.aljazeera.com/news/2023/6/20/iceland-suspends-whale-hunt-on-animal-rights-concerns>), National Geographic (<https://www.nationalgeographic.com/animals/article/has-iceland-had-its-last-whaling-season>), CNN (<https://edition.cnn.com/2022/02/05/europe/iceland-whaling-to-end-2024-intl/index.html>) og Le Figaro (<https://www.lefigaro.fr/sciences/l-islande-suspend-jusqu-a-fin-aout-la-chasse-a-la-baleine-20230620>).

Samantekt helstu niðurstaðna



Bein efnahagsleg áhrif hvalveiða á Íslandi eru ekki mikil í þjóðhagslegu samhengi, sé miðað við útflutningsmagn og verðmæti síðustu ára. Þegar best lét nam útflutningsverðmæti þessara afurða rétt ríflega 0,79% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða, þ.e. árið 2016. Hér ber þó að hafa í huga að útflutningsverðmætið ræðst að mestu leyti af því magni sem leyft er að veiða á hverjum tíma. Þá hafa átt sér stað rannsóknir og þróun á frekari nýtingu afurða úr hvöllum.

Ekki verður séð að hvalveiðar hafi verið arðbær atvinnugrein á síðustu árum í því rekstrarumhverfi sem greinin hefur búið við. Laun þeirra sem vinna við hvalveiðar og vinnslu eru mun hærrí en í flestum öðrum greinum, en vinnan er bæði vaktavinna og bundin við vertíðartímabilið sem er alla jafna um fjórir mánuðir á ári. Þrátt fyrir að hvalveiðar séu ekki efnahagslega mikilvægar í þjóðhagslegu samhengi þá eru þær mikilvægar fyrir þá einstaklinga sem starfa í greininni á vertíðinni. Ætla má að þeir einstaklingar sem alla jafna vinna í greininni verði fyrir töluverðu tekjutapi þurfi þeir að vinna við önnur störf í stað hvalveiða og vinnslu.

Þegar leitað er eftir viðhorfum fólks erlendis til hvalveiða er það alla jafna mjög neikvætt. Ekki er hægt að fullyrða að þau viðhorf hafi merkjanlega neikvæð efnahagsleg áhrif hér á landi s.s. að auka verulega erfiðleika við að selja framleiðsluvörur okkar erlendis eða dragi úr aðdráttarafli Íslands sem ferðamannalands. Aðrir þættir en neikvæð viðhorf til hvalveiða Íslendinga virðast veða þyngra hvað varðar ákvarðanir um að eiga í viðskiptum við íslensk fyrirtæki eða hvort sækja beri landið heim.

Af ofansögðu má ráða að erfitt er að draga miklar ályktanir um að hvalveiðar hafi yfirhöfuð mikil áhrif á útflutningshagsmuni Íslands þar sem ekki verður séð að hvalveiðar dragi úr komu ferðamanna til landsins né öðrum útflutningi vöru og þjónustu. Þessi áhrif eru ekki merkjanleg, að öðru óbreyttu, þrátt fyrir augljósa og mikla andstöðu almennings í helstu viðskiptalöndum okkar við hvalveiðar yfirleitt.

Heimildir

Arregui, M., Singleton, E.M., Saavedra, P., Pabst, D.A., Moore, M.J., Sierra, E., Rivero, M.A., Camara, N., Miemeyer, M., Fahlman, A., McLellan, W.A. og de Quiros, Y.B. (2022). Myoglobin concentration and oxygen stores in different functional muscle groups from three small cetacean species. *Animals (Basel)*, Vol. 11, Issue 2.

Bjorndal, T. og Conrad, J.M. (1998). A report on the Norwegian mink whale hunt. *Marine Policy*, Vol. 22, No. 2.

Bjorndal, T. og Toft, A. (1994). Økonomiske verknader av boikottaksjonar mot norsk næringsliv grunna norks kvalfangs. Mimeo, Bergen, 28. febrúar.

Deutsche Welle (2022). Is Japan's whaling industry going under? Frétt frá 07/28/2022. <https://www.dw.com/en/is-japans-whaling-industry-going-under-as-de-mand-sinks/a-62626007#:~:text=Japan's%20whaling%20industry%20is%20on,afloat%20are%20slowly%20phased%20out.>

Geir Oddson (2004). *Efnahagslega áhrif hvalaskoðunar á Íslandi árið 2003*. Skýrsla unnin fyrir Hvalaskoðunarsamtök Íslands. Umhverfisstofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

Guardian (2023). Campaigners criticise Japan firm selling whale meat from vending machines. Frétt frá 24/1/2023. Fréttina má finna hér: <https://www.theguardian.com/world/2023/jan/24/campaigners-criticise-japan-firm-selling-whale-meat-from-vending-machines#:~:text=Campaigners%20criticise%20Japan%20firm%20selling%20whale%20meat%20from%20vending%20machines,-This%20article%20is&text=A%20Japanese%20whaling%20company%20has,an%20effort%20to%20boost%20consumption.>

Guðrún K. Gunnarsdóttir (2005). *Hvalveiðar: Lýsing helstu áhalda við veiðar og vinnslu*. BA-ritgerð í þjóðfræði. Háskóli Íslands.

Hagræðistofnun (2010). *Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða*. Skýrsla nr. C10:02. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

Hagræðistofnun (2019). *Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða*. Skýrsla nr. C19:01. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

Hjördís Sigursteinsdóttir (2003). *Hvalaskoðun, hvalveiðar og ferðamennska. Viðhorfskönnun meðal þátttakenda í hvalaskoðunarferðum sumarið 2002*. Skýrsla unnin fyrir Ferðamálastofnun Íslands. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Japan News (2022). Whaling industry struggling after 3 years of commercial whaling. Frétt frá 1/6/2022 July. Sjá: <https://japannews.yomiuri.co.jp/society/general-news/20220701-41832/#:~:text=July%20marks%20three%20years,of%20whale%20meat%20remains%20low.>

ParX (2007). *Áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ímynd Íslands og íslenska ferðaþjónustu*. Skýrsla unnin fyrir Ferðamálastofnu (júní). Skýrslunar má finna hér: www.ferdamalastofa.

[is/static/files/upload/files/200954114643hvalveidar07_allar_skyrslur.pdf](#)

Pasricha S-R, Drakesmith H, Black J, Hipgrave D, Biggs B-A. (2013). Control of iron deficiency anemia in low- and middle-income countries. *Blood*, 121(14).

Pasricha, S-R, Jason T-D,, Martina U Muckenthaler, M.U. og Dorine W.S. (2020). Iron deficiency anaemia. *Lancet*, Vol. 397.

Rögnvaldur Guðmundsson (2003). *Hvalaskoðun erlendra ferðamanna á Íslandi 1996-2003*. Skýrsla unnin fyrir Hvalaskoðunarsamtök Íslands. Rannsóknir og ráðgjöf í ferðaþjónstu.

Sjónarrönd (2007). *Iceland's Cost of Whaling and Whaling-Related projects 1990-2006*. Sjónarrönd, Reykjavík. Skýrsluna má finna hér: www.mbl.is/media/84/684.pdf

Smári Geirsson (2015). *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915*. Sögufélag, Reykjavík.

Trausti Einarsson (1987). *Hvalveiðar við Ísland*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.

Vísir (2023). Hvalur tapaði þremur milljörðum á hvalveiðum á áratug. <https://www.visir.is/g/20232414286d/hvalur-tapadi-thremur-milljordum-a-hval-veidum-a-ara-tug>

